



SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 5. mars 1996

Alþingi

Erindi nr. Þ 120,947

komudagur 6/3 1996

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við drög að brt. við bankafrumvarpið (232. mál).

Samband íslenskra viðskiptabanka (SÍV) hefur farið yfir drög efnahags- og viðskiptanefndar að breytingartillögum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Með drögunum fylgja tillögur viðskiptaráðuneytisins að breytingum á 16. gr. frumvarpsins (Tryggingarsjóður innlánsstofnana) án þess að ljóst sé hvort efnahags- og viðskiptanefnd hafi gert þær að sínum.

1. Tryggingarsjóðirnir.

SÍV minnir á að viðskiptabankar og sparisjóðir búa við nákvæmlega sömu starfsheimildir og þeir keppa á sama markaði. Því er brýnt að allir þættir er móta starfsumhverfi þeirra verði samræmdir. Þetta sjónarmið bjó að baki umsögn SÍV um bankafrumvarpið sem send var efnahags- og viðskiptanefnd 1. febrúar 1996.

Hér skal rifjað upp að sparisjóðirnir stofnuðu í fyrra eigið eignarleigufyrirtæki, SP fjármögnun hf. og í síðustu viku keyptu þeir hlut Búnaðarbanka Íslands í verðbréfafyrirtækinu Kaupþingi hf. og eiga nú allt fyrirtækið. Sparisjóðirnir eiga um 20% í Greiðslumiðlun hf. (VISA Ísland) á móti viðskiptabönkunum, um 25% í Kreditkortum hf. og tæplega 16% í Reiknistofu bankanna. Innlánsaukning sparisjóðanna í fyrra var 10% samanborið við 2% hjá viðskiptabönkunum. Sparisjóðirnir starfa náið saman á fjölmörgum sviðum, s.s. í markaðsmálum, tæknimálum og erlendum viðskiptum. Samstarfið á sér stað í Sambandi íslenskra sparisjóða, Sparisjóðabanka Íslands hf. (sem er viðskiptabanki), Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Tryggingarsjóði sparisjóða, Kaupþingi hf. og SP fjármögnun hf. svo helstu stofnanir og fyrirtæki sparisjóðanna séu talin. Samanlögð markaðshlutdeild sparisjóðanna á bankamarkaði er um 20% eða nánast hin sama og Búnaðarbanka Íslands og Íslandsbanka hf. Þá hefur sparisjóðum í landinu smám saman fækkað á liðnum árum og veikburða sjóðir sameinast hinum sterkari. Bókfært eigið fé sparisjóðanna nam rúmlega 6 milljörðum króna í árslok 1994 samanborið við tæplega 6 milljarða hjá Landsbanka Íslands, 4,6 milljarða hjá Íslandsbanka hf. og 3,8 milljarða hjá Búnaðarbanka Íslands. Á sama tíma var eiginfjárhlutfall sparisjóðanna án Sparisjóðabanka Íslands hf. 16,6% og bankans

39,6%. Af öllu því sem hér hefur verið rakið má vera ljóst að sparisjóðirnir eru fullgildir og öflugir aðilar á fjármagnsmarkaði og það er löngu liðin tíð að þeir þurfi á sérstakri vernd eða velvilja löggjafans að halda til að spjara sig á þeim markaði.


SÍV telur að tillögur viðskiptaráðuneytisins um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða byggist á þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að viðhalda sérstöðu sparisjóðanna samanborið við viðskiptabankana og að þeir þurfi á ívilnandi ákvæðum að halda. Á þetta getur SÍV alls ekki fallist. Verði það niðurstaða efnahags- og viðskiptanefndar að hafna því að sameina Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða og jafna aðstöðu viðskiptabanka og sparisjóða að þessu leyti, leggur SÍV til að engar breytingar verði gerðar í þetta sinn á ákvæðum bankalaganna um tryggingarsjóðina umfram það sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum.

2. Önnur atriði.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur þegar fjallað um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti (97. mál) og lagt fram breytingartillögur við það á þingskjali 638. Ýmsar af breytingartillögum nefndarinnar við það frumvarp eru þess eðlis að breyta ætti lögum nr. 43/1993 til samræmis, enda eiga fjölmörg ákvæði í verðbréfavíðskiptafrumvarpinu sér beina samsvörun í ákvæðum í bankalögunum. SÍV bendir á eftirfarandi atriði og mælir jafnframt með því að viðskiptaráðuneytið og Seðlabankinn verði fengin til að kanna hvort um fleiri atriði geti verið að ræða (tilvísanir eru til breytingartillagna við verðbréfavíðskiptafrumvarpið á þskj. 638):

1. e-liður 3. tölul. Ákvæðið sem felld er brott samsvarar 2. og 3. máls. 3. mgr. 6. gr. bankalaganna.
2. h-liður 3. tölul. Til athugunar hvort ekki eigi að breyta orðalagi 38. gr. bankalaganna til samræmis við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. verðbréfavíðskiptafrumvarpsins.
3. 5. tölul. Tímamörkin sem verið er að breyta eiga sér hliðstæðu í bankalögunum, sbr. c-lið 1. gr. bankafrumvarpsins.
4. 25. tölul. Fyrri málsgreinin sem felld er brott samsvarar 1. mgr. 61. gr. bankalaganna. Síðari málsgreinin sem felld er brott samsvarar 4. mgr. 60. gr. bankalaganna.
5. b-liður 28. tölul. Sams konar orðalag kemur fyrir í 3. mgr. 67. gr. bankalaganna.
6. d-liður 28. tölul. Ákvæðið sem felld er brott samsvarar lokamáls. 4. mgr. 67. gr. bankalaganna.

Virðingarfyllst,



Finnur Sveinbjörnsson,
framkvæmdastjóri